

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

Alþingi

Erindi nr. P 139/400

komudagur 25.11.2010



Nefndarsvið Alþingis
bt. efnahags- og skattanefndar,
Kristjana Benediktsdóttir
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 25. nóvember
2010
EBG/hó

Efni. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, lögum um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins og lögum um umboðsmann skuldara á 139. löggjafarþingi, þskj. 225 – 206. mál

Tilv. 2010110012

Frumvarpið barst Bændasamtökum Íslands til umsagnar með bréfi frá nefndarsviði Alþingis, dags. 18. nóvember 2010.

Bændasamtök Íslands fagna því að fram komi frumvarp til að skýra stöðu einstaklinga og samræma endurreikning á ólögmetum gengistryggðum lánum svo unnt sé að hraða endurskipulagningu á skuldum einstaklinga. Þó eru nokkur atriði sem þarfnast frekari skýringa.

Í fyrstu grein frumvarpsins er kveðið á um heimild til handa lögaðilum og öðrum aðilum í atvinnurekstri að taka gengistryggð lán og þau skilgreind. Bændasamtökin gera ekki athugasemdir við það.

Við endurútreikning lána eru vangreiðslur skuldara vaxtareiknaðar og hafa Bændasamtökunum borist fjölmargar athugasemdir vegna þess. Bændasamtökin telja óeðlilegt að vaxtareikna skuld sem skuldari hefur enga vitneskju haft um. Eins hafa samtökunum borist athugasemdir vegna mismunandi aðferða fjármálastofnana við útreikningana, bæði á vöxtum og höfuðstól með fáum eða engum útskýringum. Bændasamtökin telja ástæðu til þess að leggja til að kveðið verði á um lágmarkskröfur um upplýsingagjöf fjármálastofnana til skuldara um endurútreikninga.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að veita einstaklingum með gengistryggð bílalán og húsnæðislán sama rétt og dómar Hæstaréttar frá 16. júní (Hrd. 93/2010 og Hrd. 153/2010) og 16. september (Hrd. 471/2010) fela í sér. Með því er lagt til að gengisbundin húsnæðislán og bílalán einstaklinga verði felld í sama flokk óháð orðalagi samninganna. Lögaðilar með gengisbundin lán njóta ekki sama réttar samkvæmt frumvarpinu en sú mismunun er rökstudd með því að lögaðilar og aðrir aðilar í atvinnurekstri hafi oft á tíðum erlendar tekjur og að þeim hafi gefist kostur á að kaupa sér gjaldeyrisvarnir.

Bændasamtökin fara þess á leit við nefndina að staða bænda og einyrkja samkvæmt frumvarpinu verði skýrð. Ótækt sé að uppgjör ólögmætra gengistryggða lána sé mismunandi eftir því hvort einstaklingurinn sem tók lánið sé launamaður eða reikni sér endurgjald. Samkvæmt því sem fram kemur í ræðu efnahags- og viðskiptaráðherra á Alþingi, dags. 17. nóvember sl., að almennt eigi frumvarpið við um lán bænda sem eru vegna íbúðarhúsnæðis á bújörðum. Það er algengt að lán til bænda séu bæði vegna kaupa á íbúðarhúsnæði og öðrum mannvirkjum á jörðinni, s.s. skemmum og fjárhúsum. Hvernig fer um slík lán, er alls ekki ljóst. Hvað verður um lán bænda sem eru vegna búreksturs, bifreiðakaupa og vélakaupa? Fellur lán heimilisbifreiðar undir skilgreiningu frumvarpsins en ekki samhljóða lánasamningur vegna dráttarvélar eða annarrar bifreiðar sem notuð er við búrekstur, svo dæmi sé tekið?

Bændur hafa yfirleitt ekki haft tækifæri til þess að hafa atvinnurekstur sinn í félagiformi með takmarkaðri ábyrgð og því hafa þeir í langflestum tilvikum, verið með atvinnurekstur sinn á eigin kennitölu. Í fyrrgreindri ræðu efnahags- og viðskiptaráðherra kemur einnig fram að þegar um sé að ræða lán til búreksturs, að það skipti ekki máli hvort þau eru á eigin kennitölu bóndans eða á kennitölu félags enda sé í báðum tilvikum um rekstrarlán að ræða og það falli því ekki undir frumvarpið. Þar er einnig vísað til þess að þessi lán bænda falli undir „*sérákvæði sem þegar er búið að setja í lög um meðferð skuldamála bænda og njóta aðgangs að embætti umboðsmanns skuldara [...]*“ Í þessu samhengi er rétt að nefna að Bændasamtökunum er ekki kunnugt um að sérákvæði hafi verið sett í lög sem taka sérstaklega á skuldamálum bænda umfram aðra. Þá leysir það ekki skuldamál bænda að veita þeim aðgang að greiðsluaðlögun hjá umboðsmanni skuldara, enda á það úrræði eingöngu við í þeim tilvikum þar sem um veruleg fjárhagsvandræði er að ræða. Bændur þurfa að fá raunverulega lausn á málum sínum til jafns við aðra. Endurreikningur ólögmætra gengistryggða lána er ekki bundinn við einstaklinga í greiðsluvanda þó oftast en ekki hafi lánin haft veruleg áhrif til verri vegar á fjárhagsstöðu þeirra. Því ætti sértæk löggjöf um fjárhagsaðstoð til bænda eða smærri fyrirtækja ekki að hafa áhrif á hvort þeir njóti sambærilegrar leiðréttingar og aðrir á ólögmætum gengistryggðum lánunum.

Bændasamtökin hafa lengi þurft að berjast fyrir því að skuldamál bænda verði meðhöndluð á eðlilegan hátt. Ýmist er það svo að bændur eru dregnir í flokk með fyrirtækjum, þrátt fyrir að hafa rekstur sinn ekki með takmarkaðri ábyrgð, eða að þeir eru flokkaðir sem einstaklingar, allt eftir því hvað virðist henta hverju sinni. Ljóst er að einstaklingsrekstur á bújörðum þar sem atvinna beggja aðila og heimili er samtvinnað fellur í hvorugan flokkinn og því er nauðsynlegt að fundin verði einhvers konar blönduð leið sem tekur tillit til þessarar sérstöðu. Nú er enn svo komið að bændur virðast falla utan gildissviðs þessa frumvarps vegna þess að löggjafinn flokkar þá sem lögaðila. Bændur falla ekki undir skilgreiningu frumvarpsins á lögaðilum og sjónarmið sem talið er að mæli gegn því að lögaðilar eigi að njóta sömu réttinda og aðrir, skv. dómum Hæstaréttar, eiga ekki við um bændur. Bændur eru yfirleitt ekki með tekjur í erlendri mynt og þeir hafa ekki fengið tækifæri til þess að kaupa sér gjaldeyrisvarnir eða verja sig gegn gengisfalli með öðrum hætti, enda velta búrekstrar ekki af þeirri stærðargráðu. Sömu sjónarmið og hugsanlega eiga við um stærri fyrirtæki eiga síður en svo við um bændur.

Bændasamtökin telja nauðsynlegt að staða bænda að þessu leyti verði skýrð, hvernig verði farið með lánessamninga bænda sem innihalda ólögmæta gengistryggingu. Staða bænda er ekki skýrð með framlagningu þessa frumvarps, nema síður sé.

Samkvæmt því sem fram kemur í ræðu efnahags- og viðskiptaráðherra þar sem hann mældi fyrir frumvarpi þessu hefur ríkisstjórnin unnið með Samtökum fjármálafyrirtækja, samtökum atvinnulífsins og öðrum hagsmunasamtökum í atvinnulífinu að átaki í meðferð skuldavanda lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Að fyrir liggi samkomulag um það. Bændasamtökin undrast að þrátt fyrir að frumvarpið taki ekki á gengisbundnum lánnum bænda hafi efnahags- og viðskiptaráðherra ekki leitað samráðs við Bændasamtökin um þetta átak í meðferð skuldavanda lítilla og stórra fyrirtækja.


Bændasamtökin sjá sig tilneydd til þess að leggja áherslu á sérstöðu bænda enn á ný. Vinnuframlag bænda í búrekstri, t.d. hjóna eða fjölskyldu sem stendur að honum, er uppistaðan í vinnuframlagi á viðkomandi búi. Rétt er einnig að benda á að í flestum tilvikum bænda er jörðin með öllum mannvirkjum, þar með talið íbúðarhúsi, ein veðheild. Þannig geta bændur hafa tekið lán til öflunar á íbúðarhúsnæði sem er jafnframt starfsstöð þeirra og heimili atvinnureksturs og jörðin, mannvirkin og tækin eru ein veðheild. Heimilisrekstur og atvinnurekstur bænda tvinnast þannig óhjákvæmilega saman.

Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi þess fyrir samfélagið að bændur geti leitað raunhæfra leiða til þess að ráða bót á fjárhagsvanda sínum. Hvers vegna eiga sömu sjónarmið að gilda um bændur og stór útflutningsfyrirtæki sem keypt hafa gjaldeyrisvarnir hjá fjármála-fyrirtækjum? Fyrir slíku eru engin haldbær rök. Þvert á móti ættu bændur að njóta sama réttar og aðrir fá að njóta samkvæmt dómafordæmum Hæstaréttar.

Bændasamtökin óska með bréfi þessu eftir því að koma á fund efnahags- og skattanefndar til þess að ræða frumvarpið og umsögn þessa.

Virðingarfyllt

f.h. Bændasamtaka Íslands



Elías Blöndal Guðjónsson
lögfræðingur